

Heimspeki með börnum

*Kennsluleiðbeiningar með bókinni:*

# SAGAN AF SKESSUNNI SEM LEIDDIST

Höfundur: Guðrún Hannesdóttir

Myndir: Guðrún Hannesdóttir

Forlagið, Reykjavík 1997

Lundarsel 2000-2001

***Sagan af skessunni sem leiddist.***

***Gefin út 1997 af Forlaginu, Reykjavík.***

Þetta eru kennsluleiðbeiningar sem unnar voru í heimspekisamræðum við leikskólabörn í leikskólanum Lundarseli á Akureyri, út frá bókinni Sagan af skessunni sem leiddist. Hugmyndir fylgja af ýmsum verkefnum sem hægt er að vinna út frá efni bókarinnar.

## Spurningar sem gilda alls staðar í sögunni:

- Hvað finnst ykkur um þessa sögu?
- Hvað var skrýtið?
- Hvað var fyndið?
- Hvað var asnalegt?
- Hvað var eins og í alvörunni?
- Hvað var í plati?
- Hvað var leiðinlegt í þessum texta?
- Hvað var skemmtilegt í þessum texta?
- Um hvað viljið þið tala í dag?

## Spurningar sem spyrja má reglulega í samræðunni:

- Skýrið ykkar eigin hugsun/það sem ykkur finnst?
- Skiljið þið það sem hann/hún er að segja?
- Hvað meinar þú?
- Hvernig tengist þetta því sem við vorum að ræða?
- Getum við komið með dæmi?
- Veltum dæminu fyrir okkur og spyrjið út frá því.
- Eruð þið hin sammála?
- Hvað gerist þá?
- Getum við umorðað þetta?
- Ef ég væri mús/ljón/forsetinn myndi mér finnast það sama?
- Hvernig vitum við það?
- Af hverju finnst okkur/þér það?
- Ef einhver héldi að...hvað þá?
- Er til regla um þetta?
- Hvernig gætum við athugað að þetta er satt?
- Erum við einhverju nær?
- Hvar erum við stödd núna? (samantekt)

Hvað eru skessur?

Rökstyðið hvort þær eru til eður ei?

Hvernig vitum við hvort ... er til eða ekki?	Séð það	Ekki séð það	Annað
Steinn			
Kræklingur			
Hvalur			
Andrúmsloftið			
Jólasveinninn			
Tilfinningar			
Gíraffi			
Vínátta			

Hvar eiga skessur heima?

Geta skessur átt heima hjá mannfólkinu?

Ræðið hvað er líkt og ólíkt skessum.

Dæmi: Skessan hefur augu eins og börn, skessan er mjög stór, ekki börn.

Hvað er líkt með skessum og börnum?
Hvað er líkt með skessum og blómum?
Hvað er líkt með skessum og steinum?
Hvað er líkt með skessum og ...
Hvað er líkt með skessum og ...

Tengileikur sem byrjar á orðinu Skessa.

Dæmi: Sokkur - skór - reima - táfýla - tær - fótur - il - ...

Tengslaleikur:

- Hvernig tengist skessa rithöfundí?
- Hvernig tengjast fuglar loftinu?
- Hvernig tengist huggun grátí?
- Hvernig tengist mús viti?
- Hvernig tengist ís mjólkurhristingi?
- Hvernig tengist móðir barni?

Alein/Aleinn

- Er hægt að vera aleinn í bíó?
- Er hægt að vera aleinn heima?
- Er hægt að vera alveg aleinn?
- Er maður aleinn með blóm við hliðina á sér?

## Vinir

- Hverjir eru möguleikarnir á því að skessan eignist vini?
- Og hverja þá, flugurnar, mannfólkið?
- Af hverju átti skessan engan vin?
- Ef skessan kæmi hingað yrði hún þá vinur ykkar?
- Skessan var alein alla daga og leiddist óskaplega, er samhengi þarna á milli?
- Geta flugurnar verið vinir sín á milli?

## Vinir

- Þekkið þið einhvern sem á engan vin?
- Hvernig líður manni þá?
- Hvernig eignast maður vini? Komið með dæmi?
- Hafið þið átt erfiða daga og engan vin?
- Til hvers þarf maður vini?
- Er hægt að leita sér að vini?
- Þýr maður kannski til vini úr kubbum?
- Kaupir maður vini, kannski í Hagkaup?
  
- Verða börn að vera jafn gömul til að geta verið vinir?
- Geta lítil börn og eldgamalt fólk verið vinir?
- Getur maður verið vinur sjálfs sín?
- Finnst vini þínum það sama og þér?
- Plata vinir?
- Lemja vinir?
- Hvað gera vinir saman?
- Hvað gera þeir sem eru ekki vinir?
- Á maður að hjálpa vini sínum? Af hverju?
- Hverjir eru vinir manns?

Er hægt að vera vinur...	Já/Nei
Kisu	
Kóngulóar	
Tunglsins	
Fullorðis	
Skessunnar	
Stráks	
Stelpu	
Afríkubúa	

Ræðið hvers vegna og hvers vegna ekki, hver segir það, hvað takmarkar það, hvernig vitum við það?

- Hvenær byrjaði skessuni að leiðast svona?
- Hvað þýðir það að leiðast?
- Þekkið þið einhvern sem leiðist?
- Leiðist ykkur stundum? Af hverju?
- Hvernig er maður á svipinn þá?
- Hvað getur maður gert þá?
- Finnst öllum það sama leiðinlegt?
- Andheiti þess að leiðast er?

Mikið væri gaman að hafa einhvern til að tala við og leika sér við –  
 Eruð þið sammála?  
 Ef-þá verkefni:

Mikið væri gaman ef fiskar gætu flogið þá ...
Mikið væri gaman ef allir dagar væru frídagar þá ...
Mikið væri gaman ef snjórinn væri úr sykarpúða og poppi þá ...
Mikið væri gaman ef allir væru þægir og góðir þá ...

### Betri en enginn

- Hvað er betri en enginn?
- Hver er enginn og hverjir eru þá allir?
- Hvað verður um hluti sem enginn vill?
- Er til hlutur sem allir vilja?
- Hvað finnst flestum gaman?
- Hvað finnst fáum gaman?
- Eruð þið alveg viss?

### Glaður

- Hvers vegna voru fuglarnir glaðir?
- Hvað er að vera glaður?
- Hvers vegna er maður glaður? Hvað gleður okkur helst?
- Eiga allir eitthvað sem þeir geta glaðst yfir?
- Er gott að vera glaður?
- Hvers vegna er það gott?
- Er gott að hugsa um það sem gleður mann þegar maður er dapur?

### Að festa vini

- Skessunni gekk illa að fá fuglana til sín svo hún reyndi að festa þá með steinum, hvað finnst ykkur um það?
- Hvernig vini þarf skessan að finna sér?
- Hvað festir maður niður? (tjald, blóm, flaggstöng)

## Hræddur – Dauðhræddur

Bls. 6-7

- Af hverju flúðu dýrin undan skessunni?
- Hvað þýðir það að vera dauðhræddur?
- Er það að vera hræddur það sama og að vera dauðhræddur?
- Hvers vegna verður maður hræddur - dauðhræddur?
- Er vont að vera hræddur?
- Eruð þið stundum hrædd?
- Hvernig líður manni þá?
- Hvernig er maður á svipinn þá?
- Við hvað eruð þið hrædd?
- Andstæða þess að vera hræddur?

## Að reyna

Bls. 8-10

- Hvað er að reyna?
- Hvað er að geta?
- Hvað er að vilja?
- Hver er munurinn á þessu þrennu?

## Fylgst með öllu

Bls. 13

- Hvers vegna fylgdist hagamúsin með öllu?
- Getur maður fylgst með öllu?
- Hvernig þá?

## Vinur

Bls. 14

- Sjá leiðbeiningar með bls. 1.

## Sem vissi sínu viti

- Hvað þýðir það að vita sínu viti? (Orðatiltækjabók)
- Getur maður vitað hvað Jón veit mikið?
- Hvernig getur maður vitað það?

## Leið á því að láta mér leiðast

- Getur maður orðið leiður á því að leiðast?
- Hversu leiður er maður þá?
- Hvað gerir maður þá?

## Raðverkefni:

Mér finnst leiðinlegt að ...
Mér finnst ... leiðinlegra en ...
Mér finnst ... leiðinlegra en ... vegna þess að ...
Mér finnst skemmtilegt að ...
Mér finnst ... skemmtilegra en ...
Mér finnst ... skemmtilegra en ... vegna þess að ...

## Gott ráð

Bls. 15

- Hvað er gott ráð?
- Getið þið komið með dæmi?
- Gott ráð við tannpínu er?
- Gott ráð við þegar tveir rífast er?
- Gott ráð við að klæða sig er?

## Prófa að horfa og hlusta

- Þarf skessan að heyra til að eiga vin?
- Þarf skessan að sjá til þess að eiga vin?
- Hvað heyrðum við?
- Hvað sáum við?
- Hafið þið prófað þetta áður?

## Skynjun

Bls. 17-18

- Hvað sá skessan?
- Hvað heyrði skessan?
- Hvað haldið þið að hún hafi fundið inni í sér?

## Að gráta

- Hvers vegna grét einhver?
- Hvers vegna grátum við?
- Hvaðan kemur gráturinn?
- Komið með dæmi?
- Hvernig líður okkur þá?

## Að stökkva

- Hvers vegna haldið þið að skessan hafi stokkið af stað? (dragið ályktanir)
- Er hægt að stökkva í búðina?

## Að botna:

- Tré getur ekki stokkið vegna þess að ...
- Draumur getur ekki stokkið vegna þess að ...
- Helgarfrí getur ekki stokkið vegna þess að ...
- Froskur getur stokkið vegna þess að ...
- Stangastökkvari getur stokkið vegna þess að ...
- Börn geta stokkið vegna þess að ...

## Einmana

Bls. 20

- Af hverju var skessan einmanna?
- Eruð þið einhvern tíma einmanna?
- Er maður aleinn þegar maður er einmanna?
- Hvað gerir maður til að vera ekki einmanna?
- Hvernig líður manni þegar maður er einmanna?
- Geta allir orðið einhverntíman einmanna?



## Vinátta

- Þá skulum við vera vinkonur, af hverju?
- Eiga vinir alltaf eitthvað sameiginlegt?
- Geta börn og skessur orðið vinir?
- Geta dýr og skessur orðið vinir?
- Strax orðnar mestu mátar, hvað þýðir það?
- Hvað langar ykkur helst að tala um varðandi vináttu?

## Aldrei

- Aldrei á ævinni skemmt sér betur, hvað þýðir það?
- Hafið þið skemmt ykkur svoleiðis?
- Bíddu, af hverju voru dýrin ekki lengur hrædd við skessuna?
- Verða dýrin aldrei aftur hrædd við skessuna?

Fylla í eyður:

• Kjóll er aldrei blússa vegna þess að ... en hann væri það ef ...
• Leikskóli er ekki ólátagarður vegna þess að ... en hann væri það ef ...
• Fuglar eru ekki flugvélar fyrir menn vegna þess að ... en þeir væru það ef...

# Óhefðbundin heimspekivinna

Verkefni sem hægt er að tengja spurningum hér að ofan.

Verkefni sem hægt er að nota með sögunni ásamt samræðum, nota sókratískar spurningar, þegar verkefnið er farið af stað er sem sagt upplagt að beita heimspekisamræðutækni og hefja rannsókn:

- Teikna, lita eða mála skessuna eina eða með litlu skessunni.
- Hópurinn teiknar stóra skessu, 1 meter eða svo, á maskínupappír, litar og skreytir hana, jafnvel með taubútum. Setja garn fyrir hár, augabrúnir og augnhár. Klippa skessuna út og hengja upp.
- Búa til skessu á leirplatta. Tröllaleirkúla er flött út og gert gat í plattann. Síðan er skessa mótuð ofan á plattann og leirinn látin þorna eða bakaður. Á meðan börnin leira er spjallað um hvort skessur, tröll og aðrar kynjaverur séu til. Hvers vegna eða hvers vegna ekki, koma með dæmi og fylgja þeim eftir. Næst er skessan máluð með vatnslitum – lítið vatn mikið af lit. Þá er hægt að spjalla um hvernig bækur og teiknimyndir segja okkur að skessur líti út og í hvernig fötum þær eru. Haldið þið að þetta sé rétt mynd af skessum?
- Búa til vin úr maskínupappír, leir, efnisbútum og fleiru.
- Búa til vitru músina.
- Gleðidans með svífandi silkiborðum. Hlusta á glaðlega-létta tónlist og hreyfa okkur og borðana í takt. Leika skessurnar sem eru nú orðnar svo góðar vinkonur – loksins eiga þær vin og þær eru svo glaðar.
- Búa til leikrit um skessuna, söng eða ljóð. Búa einnig til leikmuni svo sem steina, fugla, flugur, bakgrunn og fleira.
- Tveir fara út á gólf og leika vini, hinir koma með hugmyndir af því hvað vinir gera og hvað ekki.
- Teikna einhvern sem er dapur, skoða myndirnar á eftir og velta því fyrir okkur af hverju þeir eru daprir og hvernig væri hægt að gera þá glaða.
- Hvernig getum við orðað þessa sögu öðruvísi og í styttra máli?